

Ársskýrsla

Skýrsla formanns Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2022



Golfsumarið hjá golfklúbbum Dalbúa var nokkuð gott hjá þrátt fyrir að mörgum hafi fundist sumarið 2022 engan veginn vera gott veðurfarslega séð. Fjöldinn allur af kylfingum sóttu Dalbúa heim, bæði félagsmenn og aðrir lengra aðkomnir.

Rástímaskráning er núna eingöngu við lýði hjá GD og hefur gefist vel. Þeir sem eru utan GSÍ geta skráð sig hjá starfsmanni í skála þegar þeir koma að spila. Gestafjöldi skv. tölum frá Golf.is í sumar var um 5.000 en áætla má að þessi tala sé aðeins vanreiknuð, reynslan hefur sýnt það. Margir kylfingar skrá sig ekki á rástíma og eins eru alltaf einhverjir sem eru utan klúbba eða eru með svokölluð fríkort sem fylgja sumarhúsum og tjaldsvæði RSÍ, VM og N1.

Félagsmönnum hefur ekki fjölgað á þessu ári þrátt fyrir að nýjir félagsmenn hafa gengið í klúbbin. Fjöldi nýrra félagsmanna er nokkur veginn á pari við þá sem hættu á árinu. Við vonum að sjálfsgöðu að félagsmönnum haldi áfram að fjölga því það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að blómstra.

Þann 7.maí var vinnudagur hjá klúbbum. Mæting var að venju góð og mörgum góðum verkum komið til skila. Verkefnin voru fjölbreytt og mörg af þeim verkefni sem þarf að inna að hendi á hverju vori, s.s. að setja út vökvunarkerfið, raða útihúsgögnum, kveikja á gosbrunninum o.sfr. Að loknum vinnudegi voru veitingar í boði klúbbsins.

Af forgangslista vallarnefndar var ráðist í það að smíða hreinsiaðstöðu fyrir kylfinga. Hún er við göngustíginn þegar 9.holan er kláruð. Þar er hægt að blása með lofti á skó og af kerrum. Þetta verkefni hefur mælst vel fyrir. Verkið unnu þeir Logi Knútsson og Eyjólfur Óli Jónsson.

Eyjólfur lauk við stækkun á teigum á 2.3.5. og 8.brautum á þessu sumri, enn eru örlítil frágangsverkefni eftir. Þær stækkanir sem eftir eru verða unnar á árinu 2023.

Næsta sumar er stefnt af því að útbúa/kaupa flokkunartunnur til þess að hafa á völdum teigum og eins við klúbbhúsið. Algjörlega komin tími á við tökum okkur á í umhverfismálum! Einnig er vilji fyrir því að setja upp salernishús í stað kamarsins sem er staðsettur við 5.braut. Fleiri verkefni verða svo unnin jafnt og þétt sem eru á verkefnalista frá vallarnefndinni.

Þann 4.júní kom til okkar Þórður Ingason R&A golfdómari og hélt erindi fyrir félagsmenn þar sem farið var yfir helstu golfreglurnar. Einnig fór hann yfir hvernig kylfingar reikna út punkta út frá höggum á holu. Farið var yfir staðarreglur, keppnisskilmála og hvernig ýmis keppnisform eru í framkvæmd. Þessi fundur var opinn öllum félagsmönnum og þeim að kostnaðarlausu.



Golfmót sumarsins voru sex að þessu sinni. Þau heppnuðust öll afar vel og var þátttaka með mesta móti. Í nokkrum af mótum sumarsins þurfti að hafa tvö holl á nokkrum teigum, en allt gekk afar vel og almenn ánægja með hvernig til tókst. Í skýrslu mótanefndar eru nánari upplýsingar um mót sumarsins 2022. Flottar auglýsingar fyrir mótin voru í höndum félagskonunnar Önnu Helgadóttur.



Stjórn Dalbúa og helstu nefndir 2022:

Bryndís Scheving, formaður

Ásbjörn Sveinbjörnsson, varaformaður

Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri

Gísli B. Ívarsson, ritari

Hafþór B. Guðmundsson, meðstjórnandi

Helgi Einarsson, varamaður
Ragnar Þórisson, varamaður

Mótanefnd

Gísli B. Ívarsson
Ásbjörn Sveinbjörnsson
Helgi Einarsson
Ragnar Þórisson
Hafþór B. Guðmundsson
Guðni Elíasson
Anthony Karl Flores

Vallarnefnd

Haraldur Ólafsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Hafþór B. Guðmundsson
Logi Knútsson
Óskar Svavarsson

Forgjafarnefnd

Eiríkur Þorláksson
Hafþór B. Guðmundsson

Aganefnd

Eiríkur Þorláksson
Hafþór B. Guðmundsson

Húsanefnd

Bryndís Scheving
Eyjólfur Óli Jónsson
Hrönn Magnúsdóttir
Guðni Gunnarsson
Þorkell Svarfdal Hilmarsson

Umsjón með vefsíðu

Gísli B. Ívarsson

Umhirða vallarins var líkt og undanfarin ár til fyrirmyndar. Eyjólfur Óli Jónsson var titlaður vallarstjóri og sá um að úthluta þeim verkefnum sem inni átti að hendi hverju sinni. Leifur Hjörvarsson sá um sláttinn í sumar en þegar mikið lá við kom fyrir að Anthony K. Flores og Eyjólfur settust á vélarnar. Í skýrslu vallarnefndar er farið dýpra í það sem viðkemur slættinum.

Rekstrarform golfklúbbsins 2022 var með töluvert öðru sniði en undanfarin fjögur ár. Má þar helst nefna að undirrituð var ekki starfandi í skálanum. Gerður var samningur við Ölgerðina Egil Skallagrímsson um kaup á aðföngum í skálann, má þar nefna bjór á krana, vín, gos o.s.frv. Ölgerðin keyrði þær vörur sem keyptar voru upp að dyrum hjá okkur. Við í stjórn GD vorum svo heppin að fá til liðs við okkur hana Katrínu Erlu Kjartansdóttur en hún er búsett á Laugarvatni. Það má með sanni segja að hún stóð sig afar vel sem vert í klúbbhúsinu í sumar og þökkum við henni kærlega fyrir þá alúð sem hún lagði í starfið.

Gjaldkeri mun gera sérstaklega grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári, en í stuttu máli má segja að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi líkt og síðustu ár.

Að lokum vil ég þakka stjórn og nefndarmönnum GD fyrir gott samstarf á liðnum árum. Eyjólfur og Leifur, takk fyrir ykkar þátt í að gera völlinn eins góðan og raun ber vitni. Katrín takk fyrir þitt

góða starf í þágu klúbbsins. Þeim félagsmönnum sem lagt hafa Dalbúa lið eru færðar bestu þakkir. Styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Félagi vélstjóra og málmtæknumanna færi ég bestu þakkir fyrir stuðning þeirra, hann er ómetanlegur nú sem fyrr. Einnig vil ég þakka Laugarvatni Fontana, Samkaupum, Danco og öllum öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

Bryndís Scheving, formaður GD



Haraldur Ólafsson

Óskar Svavarsson

Hafþór B Guðmundsson

Eyjólfur Óli Jónsson

Logi Knútsson

Efnisyfirlit

Völlurinn.....	7
Sláttur	8
Til framtíðar.....	8
Vélakostur	9
Lokaorð	9

Völlurinn

Völlurinn kom í heild sinni vel undan vetri. Engar kalskemmdir voru eftir veturinn og völlurinn almennt í góðu standi.

7. maí skipulagði vallarnefndin vinnudag. Góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, tré gróðursett o.s. frv. Næstu daga á eftir var

unnið við götun, sáningu og söndun flata ásamt því að borið var á teiga og flatir. Völlurinn var síðan opnaður fyrir kylfinga 15. maí.

Veðurfarið sumarið 2022 var heilt yfir gott. Almennt var góð spretta, og hæfileg úrkoma gerði það að verkum að lítið sem ekkert þurfti að vökva flatir og teiga.

Heilt yfir má segja að völlurinn hafi verið í mjög góðu standi þetta sumarið.

Sláttur

2022 var útfærsla sláttar með svipuðum hætti og árin á undan en sú útfærsla var þróuð með tilliti til ábendinga frá notendum vallarins. Nýr starfsmaður vann við sláttinn þetta sumarið en Eyjólfur sá um verkstjórn og þjálfun nýja sláttumannsins. Heilt yfir gekk sú vinna vel.

Flatarmál þess svæðis sem er að jafnaði slegið var mælt lauslega. Mælingin var framkvæmd eftir loftmynd, en samkvæmt mælingunni er slegið svæði sumarið 2019 nálægt 12,8 ha.

Brautir	46.600	m ²
Kargi	51.490	m ²
Kargi viðbót		
2019	16.500	m ²
Teigar	1.225	m ²
Flatir	3.850	m ²
Æfingarsvæði	8.160	m ²
	127.825	m ²

Vinnustundir við slátt (skv. tímamælum sláttuvéla)	
Brautir	219 klst
Kargi	355 klst
Flatir	155 klst
Samtals	729 klst

Ef borinn er saman rekstrarkostnaður árin 2018-2022 á hvern ha. vallarins sem sleginn er að jafnaði má greina að kostnaðurinn (véla viðhald, varahlutir, eldsneyti, fræ, áburður, sandur o.frv.) er að einhverju leiti breytilegur milli ára.

	slegnir ha.	heildarkostnaður	verð pr. ha
2018	11,2	2.175.233 ISK	194.217 ISK
2019	12,8	2.550.051 ISK	199.223 ISK

	slegnir ha.	heildarkostnaður	verð pr. ha
2018	11,2	2.175.233 ISK	194.217 ISK
2019	12,8	2.550.051 ISK	199.223 ISK
2020	12,8	2.007.439 ISK	156.831 ISK
2021	12,8	1.599.021 ISK	124.923 IKR
2022	12,8	2.410.897 IKR	188.351 IKR

*tölur úr rekstrarreikningi Dalbúa

Til framtíðar

Á vormánuðum veitti vallarnefndin stjórn Dalbúa ráðgjöf varðandi úrbótaverkefna sem mætti vinna að á vellinum í náinni framtíð. Farið var yfir verkefnalista frá fyrra ári og hann uppfærður.

Stjórn Dalbúa hefur samþykkt að vinna samkvæmt tillögu vallarnefndar . Segja má að umfangsmesta úrbótaverkefnið sem unnið var að á árinu er stækkun teiga. Stækkun teiga á brautum 2,3,5 og 8 er lokið en það sem eftir er bíður næsta sumars. Einnig var gengið frá glæsilegri hreinsiaðstöðu við skálann.

Vélakostur

Engin endurnýjun á vélum for fram þetta sumarið. Heilt yfir er vélarkostur GD í þokkalegu standi en huga þarf að endurnýjun flatarsláttuvélar. Segja má að forsenda þess að sláttur og önnur umhirða vallarins sé í góðu standi er að til staðar sé nauðsynlegur, áreiðanlegur vélarkostur. Árið 2022 var nokkuð hagstætt hvað varðar viðhald véla.

Vallarnefndin fór yfir almennt ástand á þeim vélum sem Dalbúi hefur yfir að ráða.

Heilt yfir má segja að Dalbúi sé þokkalega staddur hvað varðar vélar fyrir næsta ár. Varðandi aukinn vélarkost sem til bóta væri að klúbburinn hefði yfir að ráða má helst nefna sand-dreifara og flatar-valtara. Einnig má nefna að götunarvélin er komin vel til ára sinna.

Vallarnefnd mælir með að stjórn Dalbúa marki stefnu um endurnýjun á vélakosti til næstu 5-10 ára. Vélarnar eru sumar komnar til til ára sinna og því skynsamlegt að marka stefnu varðandi endurnýjun til framtíðar.

Lokaorð

Að lokum má segja að sumarið 2022 hjá Dalbúa hafi gengið vel og að veðrið hafi verið með ágætum. Margir gestir vallarins höfðu á orði að völlurinn væri sérlega vel hirtur og gaman að heimsækja Dalbúa.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugaverðar hugmyndir að úrbótum á vellinum verið til umræðu undanfarin ár. Vallarnefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi. Einnig að vélakostur vallarins bjóði upp á að hægt sé að viðhalda góðu ástandi.

f.h. vallarnefndar
Haraldur Ólafsson



GOLFKLÚBBURINN DALBÚI
SKÝRSLA MÓTANEFNDAR
2022

Mótanefnd 2022

Í mótanefnd 2022 voru Gísli B. Ívarsson sem formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Helgi Einarsson, Ragnar Þórisson, Hafþór B. Guðmundsson, Guðni Elíasson og Anthony Karl Flores.

Við vorum með sex mót í sumar og það var nokkur aukning á þátttakendum milli ára en í nokkrum mótum var tvísetið á upphafsteigum.

Þetta árið vorum við með miðnæturmót á Jónsmessunni og tveggja daga meistaramót eins og árið áður. Nokkuð góð þátttaka var í mótunum eins og árið áður og er ljóst að stígandi er í þáttöku á mótunum okkar. Gerð var tilraun með að auglýsa opin mót með kostuðum auglýsingum í gegnum facebook síðu klúbbsins og dró það nýja aðila að mótunum okkar.

Eins og á fyrri árum þá voru einhverjir hnökrar á golfbox kerfinu og framkvæmd móta og er vonandi að búið sé að hnýta fyrir flesta enda þar þannig að næstu uppgjör vegna mótanna gangi snuðrulaust fyrir sig í framtíðinni.

Við viljum þakka öllum þátttakendum fyrir sumarið og sérstaklega fá Bryndís, Eyjólfur og Haraldur og vallarnefnd frábærar þakkir fyrir að halda vellinum okkar vel við en þannig fáum við fleira fólk inn á völinn okkar. Anna Helgadóttir á svo sérstakar þakkir skyldar fyrir hönnun og uppsetningu á auglýsingum vegna mótanna.

Við þökkum svo öllum aðilum sem hafa styrkt við við klúbbinn okkar með einum og öðrum hætti. Takk fyrir ómetanlegan stuðning.

Höldum áfram á þessari braut.



Krambúðar Jónsmessumót

Jónsmessumót golfklúbbsins Dalbúa og Krambúðarinnar fór fram föstudaginn 24. júní kl. 20:00. Rétt áður en leikur var hafinn braust blessuð sólin fram og fylgdi okkur inn í kvöldið. Leikið var eftir Greensome fyrirkomulagi. Þátttakendum var boðið upp á grillaða hamborgara fyrir mótið og mæltist það vel fyrir. Um 40 aðilar voru skráðir í mótið.

Úrslit mótsins voru þannig eftir útreikninga að Laufey Erlendsdóttir og Jónína Magnúsdóttir voru í 1. sæti, í 2. sæti voru svo Hrönn Magnúsdóttir og Guðmundur Skúli Hartvigsson og í 3. sæti voru Sindri Snær Oddgeirsson og Ómar Sindri Jóhannsson. Önnur úrslit voru svo að Jónína Magnúsdóttir var með lengsta högg kvenna á þriðju braut en Sindri Snær Oddgeirsson var með lengsta högg hjá körlum. Heiðrún Haukdóttir var svo næst holu á 5. braut (1,32m) og Sæmundur Árnason á 8. holu (5.8m).

Krambúðin sá um verðlaun fyrir liðin í þremur efstu sætunum en Ölgerðin var með aðra vinninga fyrir lengstu högg og næst holu.

Ölgerðin sá einnig um smá hressingu í fljótandi formi sem leikmenn gátu gripið með sér.



Meistaramót Dalbúa

Meistaramót Dalbúa fór fram helgina 16 og 17. júlí í ágætis veðri og eru Magnús Gunnarsson og Sigrún María Ingimundardóttir klúbbmeistarar 2022. Leikinn var höggleikur með og án forgjafar.

Úrslit í höggleik var þannig að Magnús Gunnarsson var í 1. sæti hjá körlum á 173 höggum og Sigrún María Ingimundardóttir í 1. sæti hjá konum á 194 höggum. Í 2. sæti í höggleik voru svo Anthony Karl Flores og Magrét Björk Jóhannsdóttir og í 3. sæti urðu svo Júlíus Símon Pálsson og Bryndís Scheving. Í höggleik með forgjöf voru svo Magnús Gunnarsson og Bryndís Scheving í 1. sæti, í 2. sæti urðu svo Örn Helgi Harðarson og Margrét Björk Jóhannsdóttir og í 3. sæti enduðu svo Sigurður Jónsson og Anna Svandís Helgadóttir. Lengsta upphafshögg á 3/12 braut hjá körlum var svo hjá Oddgeiri Sæmundi Sæmundarsyni og hjá konum var það Anna Helgadóttir. Að lokum þá var Eyjólfur Óli Jónsson með upphafshögg næst holu (2,9 m) á 5/14 holu og María Ingimundardóttir næst holu (2,20 m) á 8/17 holu. Í restina var svo dregið um frísþil á nokkrum völlum á sv horninu úr skorkortum þeirra sem voru á staðnum.

Almenn ánægja þátttakenda virðist með tveggja daga fyrirkomulag á mótinu og verður það örugglega endurtekið næsta ár.



Kvennamót Dalbúa og Lavera

Glæsilegt kvennamót Dalbúa og Lavera fór fram laugardaginn 23. júlí í flottu golf veðri.

Hafdís Ingimundardóttir sigraði mótið, Anna Svandís Helgadóttir varð í öðru sæti og Guðbjörg Ingólfssdóttir í því þriðja. Önnur úrslit voru svo þannig að Hafdís Ingimundardóttir var með lengsta lengsta teighögg á þriðju braut. Við þetta tilefni var í fyrsta sinn afhentur farandbikar fyrir kvennamót Dalbúa, en gefandi bikarsins er Eygló Myrra Ómarsdóttir. Allar konur fengu svo glæsilegar teiggjafir. Einnig var dregið úr nokkrum skorkortum um verðlaun frá Lavera og Ölgerðinni. Í lok móts var svo í boði að kaupa gómsæta súpu á hagstæðu verði.

Mótanefnd þakkar öllum þessum frábæru konum sem tóku þátt fyrir komuna og óskar öllum verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn.

Við þökkum umboðsaðila Lavera kærlega fyrir glæsilega og veglega vinninga.



Opna Laugarvatns Fontana mótið

Opna Laugarvatns Fontana mótið fór fram laugardaginn 13. ágúst í blíðskapar veðri. Mótið var fjölmennt og var ræst upp af öllum teigum með tveimur hollum á fjórum brautum sem gekk svona líka ljómandi vel.

Mótið er haldið í samstarfi við einn af aðal styrktaraðilum Dalbúa, Laugarvatn Fontana.

Keppt var í punktakeppni karla og kvenna þar sem karlar voru með hámarksforgjöf 28 og konur 36.

Veglegir vinningar voru veittir fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki í boði Laugarvatn Fontana, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla

og kvenna á 3. braut og fyrir að vera næst holu í upphafshöggi á 5/14 og 8/17 holum en enginn náði því á 8/17. Einnig var dregið úr skorkortum þeirra sem höfðu ekki unnið til verðlauna.

Úrslit konur:

- 1.sæti – Sigrún María Ingimundardóttir 33 punktar
- 2.sæti – Valgerður Sveinbjörnsdóttir 31 punktar
- 3.sæti – Ellen Sigurðardóttir 31 punktar

Úrslit karlar:

- 1.sæti – Ottó Leifsson 37 punktar
- 2.sæti – Úlfar Guðmundsson 37 punktar
- 3.sæti – Eyjólfur Óli Jónsson 35 punktar

Lengsta högg kvenna á 3/12 braut María Ingimundardóttir

Lengsta högg karla á 3/12 braut Úlfar Guðmundsson

Næst holu á 5/14 braut Sindri Oddgeirsson

Þökkum öllum sem tóku þátt í mótinu fyrir frábæran dag og óskum öllum vinningshöfum til hamingju.

Sérstakar þakkir til Laugarvatn Fontana



Styrktarmót Dalbúa og DANCO

Styrktarmót Dalbúa og DANCO fór fram laugardaginn 3. september í frábæru veðri. 26 lið eða 52 kylfingar voru skráðir í mótið en allur ágóði af mótinu rennur til uppbyggingar á vellinum í Miðdal og til að styrkja starfsemi klúbbsins okkar. Leikjaform mótsins var Texas Scramble.

Skemmtilegt er að segja frá því að þrír ættliðir spiluðu saman í holti í mótinu en það voru þeir Sæmundur Árnason, Oddgeir Sæmundsson, Sindri Oddgeirsson og fylgdi Ragnar Þórisson svo með þeim til þess að fylla holtið. Vegna fjölda í mótinu þá þurfið að ræsa 4 holl á þremur brautum en það rann ágætlega í gegn.

Úrslitið voru kynnt sem hér segir:

1. sæti. „Flæðisker“ (Guðbjörg Rós Guðmundsdóttir/Þorvaldur Ingimundarson)
2. sæti. „BBM“ (Páll Þórir Pálsson/Guðjón Valberg)
3. sæti. „Bakkabræður“ (Oddgeir Sæmundur Sæmundsson/Sindri Snær Oddgeirsson)

Upphafshögg næst holu á 5/14 braut – Ingvaldur Ben Erlendsson (1.05 m)

Upphafshögg næst holu á 8/17 braut – Sigurður Árni Gunnarsson (26 cm)

Lengsta upphafshögg kvenna á 3/12 braut – Guðbjörg Rós Guðmundsdóttir

Lengsta upphafshögg karla á 3/12 braut – Sindri Snær Oddgeirsson

Í lokin var svo dregið úr nöfnum þeirra sem ekki höfuðu unnið til verðlauna um veglega vinninga.

Mótenefnd og stjórn GD þakkar öllum fyrir þátttökuna og óskar verðlaunahöfum til hamingju með árangurinn.

DANCO færum við bestu þakkið fyrir glæsileg og fjölmörgum verðlaun og útdráttarverðlaun og stuðning við klúbbinn okkar.



Ruglað lokamót Dalbúa

Lokamót Dalbúa var 17. september en hefð er fyrir því að allskonar rugl og öðruvísi sé í gangi í þessu síðasta golfmóti sumarsins. Það var ekkert rugl í veðrinu en það lék við sinn fingur eins og fylgt hefur mótum sumarsins.

Sigurvegarar mótsins voru Guðbjörg Ingólfssdóttir hjá konum og Guðmundur Hauksson hjá körlum.

Dregið var svo úr öllum skorkortum þeirra sem tóku þátt en við náum að safna saman fjölmörgum glæsilegum verðlaunum frá styrktaraðilum og félögum og fengu allir vinning. Kærar þakkir til allra sem lögðu sitt af mörkum vegna vinninganna.

Eftir mótið voru grillaðir hamborgar sem boðið var upp á og var þar spjallaðu um eitt og annað í starfi klúbbsins okkar.

Við þökkum öllum kærlega fyrir þátttökuna í lokamóti Dalbúa og þökkum einnig fyrir góða þátttöku í golfmótum sumarsins.



